

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 2015/830 - REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:

StucResin PU - þáttur B

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Þáttur B (herðir) í 2ja þátta úreðan bindigrunni.
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.

1.3 Söluaðili:

Sérefni ehf.

Framleiðandi:

Pava Resine SRL

Síðumúla 22

Via Dolomiti 6/1, 35018

108 Reykjavík

San Martion Di Lupari, Ítalía

Sími: 517 0404

00-39-495953085

Sími:

Netfang:

serefni@serefni.isinfo@pavaresine.it

Veffang:

www.serefni.iswww.pavaresine.it

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H317

Getur framkallað ofnæmisviðbrögð í húð

Húðnæm.1

H332

Hættulegt við innöndun

Bráð eit.4

H335

Getur valdið ertingu í öndunarfarum

SEM-VES 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörðunarorð

VARÚÐ

Hættusetningar

H317

Getur framkallað ofnæmisviðbrögð í húð

H332

Hættulegt við innöndun

H335

Getur valdið ertingu í öndunarfarum

EUH204

Inniheldur ísósýanöt. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

Varnaðarsetningar

P102

Geymist þar sem börn ná ekki til.

P280

Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífir/andlitshlífir.

P302+P352

BERIST EFNID Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni.

P304+P340

EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.

P312

Hringið í EITRUNARMIDSTÖÐ/lækni ef lasleika verður vart.

P501

Fargið innihaldi/iláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur:

Vatnsdræga alífatíska pólýsósýanatblöndu, byggða á HDI.

Hexametýlen-1,6-díísósýanat fjölliðu, einsleita.

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB (<0,1%).

(PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Hexametýlen-1,6-díísósýanat fjölfiða, einsleit			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	80
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	500-06-0-2	H-setningar	-
CAS	28182-81-2	Flokkun, hættumerking	
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Húðnæm.1 - H317, Bráð eit.4 - H332, SEM-VES 3 - H335			

Vatnssækið alífatískt pólýísósýanat, byggt á HDI (*)			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	20
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	-	H-setningar	-
CAS	666723-27-9	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðnæm.1 - H317, Bráð eit.3 - H331, SEM-VES 3 - H335, Langv.eit.á vatn 3 - H412			

(*) Inniheldur:

Hexametýlen díísósýanat margfiða myndefni (úretdíon gerð)			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	16
Raðnúmer	615-008-00-5	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	223-861-6	H-setningar	-
CAS	4098-71-9	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðert.2 - H315, Húðnæm.1 - H317, Augnert.2 - H319, Bráð eit.2 - H330, Næm.önd.1 - H334, SEM-VES 3 - H335, Langv.eit.á vatn 2 - H411			

Hexametýlen-1,6-díísósýanat			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119457-571-37	Innihald %	< 0,5
Raðnúmer	615-011-00-1	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	212-485-8	H-setningar	-
CAS	822-06-0	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit.1 - H330, Bráð eit.4 - H302, Húðert.2 - H315, Húðnæm.1 - H317, Augnert.2 - H319, Önd.næm.1 - H334, SEM-VES 3 - H335			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærðbreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni. Meðhöndlun eftir einkennum.
Snerting við húð	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í 10 mín og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið augnlækni, sýnið öryggisblaðið.
Inntaka	Leitið lækni. Framkallið ekki uppköst. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Engin þekkt.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, sandur, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður: Beitið ekki beinum vatnsgeisla.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, nituroxíð, snefilmagn af vetnissýaníði (blásýru), reykur, eitraðar gufur og niðurbrotsefni. Forðist innöndun.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Afmarkið og rýmið mengað svæði. Notið persónuhlífar, þ.m.t. öndunarbúnað, sé gufustyrkur hár.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni, t.d. sand, sag, kísilgúr, eða handverkfæri til að hreinsa upp losað efni. Búnaður sé neistavarinn. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Haldið ílátum rökum og ekki skal loka þeim fyrr en eftir nokkrar klst eða þar til myndun koldíoxíðs er hætt.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Vinna með ísósýanöt krefst góðar loftræstingar og vinnuvenja. Notið persónuhlífar. Fólk með viðkvæm öndunarfæri og næmingu ættu að forðast vinnu með vöruna.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á þurrum, köldum, vel loftræstum stað.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Athugasemdir
Hexametýlen-1,6-díísósýanat		0,02		0,07	WEL

WEL= Work Exposure Limit - Hámarksstyrkur á vinnustað.

Hexametýlen díísósýanat margliða myndefni (úretdíón gerð)					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	0,35	mg/m ³
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	0,7	mg/m ³
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	0,05	mg/l
Umhverfi	Sjór		PNEC	0,005	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn, set		PNEC	0,066	mg/l
Umhverfi	Sjór, set		PNEC	0,133	mg/l
Umhverfi	Hreinsistöð		DNEL	55,6	mg/l

Hexametýlen-1,6-díísósýanat fjölliða, einsleit					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	0,5	mg/m ³
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	1	mg/m ³
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	0,199	mg/l
Umhverfi	Sjór		PNEC	0,0199	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn, set		PNEC	44551	mg/l
Umhverfi	Sjór, set		PNEC	4455	mg/l
Umhverfi	Hreinsistöð		DNEL	100	mg/l

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum (EN 689, EN14042, EN 482).

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð (EN166)

Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska t.d. úr nítrílgúmmíi. (EN374, >=0,4 mm, gegnstr.tími >480 mín), Einnig má nota hanska úr bútýl- eða flúorgúmmíi.

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið öndunargrímu með síu fyrir lífrænar gufur. (EN 14387).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi	
Litur:	Gulleitur	
Lykt:	Væg	
Rennslismark:	-45°C	(ISO 3016)
Blossamark:	185°C	(EN 22719)
Tendrunarmark:	445°C	
Niðurbrotsmark:	181°C	
Gufuþrýstingur (20°C):	5	hPa
Eðlismassi við 20°C:	1,15	g/cm ³
Leysanleiki í vatni:	Óleysanlegt við 15°C	
Seigja (23°C):	570-730	mPas

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Útvermin efnahvörf með amínnum og alkóhólum, hvarfast hægt við vatn í lokuðum ílátum, með myndun koldíoxíðs, sprengihætta vegna þrýstingshækkunar.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, nituroxíð, snemilmagn af vetnissýaníði (blásýru), reykur, eitradar gufur og niðurbrotsefni. Forðist innöndun.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturrhif:

Hexametýlen-1,6-díísósýanat fjöliliða, einsleit					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	OECD 423
Bráð eiturrhif, ísog um húð	LD ₅₀	>2000	mg/kg	rotta	OECD 402
Bráð eiturrhif, innöndun	LC ₅₀	124	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Veldur ertingu			
Alvarlegur augnskaði		Veldur ertingu		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Veldur næmingu			
Stökkbreytingar gerla		Engar upplýsingar			
Krabbamein		Engar upplýsingar			
Eitrun æxlunarfæra		Engar upplýsingar			
Áhrif á marklíffæri, eitt skipti		Eitrun öndunarfæra			

Annað:

Við úðun málningarefni, sem innihalda ísósýanat, skapast hættu á váhrifum sé fyllstu aðgátar ekki gætt. Eitring í koki og öndunarfærum getur myndast. Langvinn eða endurtekin váhrif geta valdið næmingu og astma. Viðkvæmir einstaklingar geta orðið fyrir þessum áhrifum við lágan styrk. Langvinn snerting við húð getur valdið ertingu og litabreytingum á húð.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturrhif:

Forðist losun í niðurföll, grunnvatn og jarðveg.

Hexametýlen-1,6-díísósýanat fjöliliða, einsleit					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhif	LC ₅₀	>100 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturrhif	EC ₅₀	>100 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturrhif	ErC ₅₀	199 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		2,0%	28 d		
Uppsöfnun í lífverum	BCF	706,2			

Vatnssækið alífatískt pólýísósýanat, byggt á HDI					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhif	LC ₅₀	35,2 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturrhif	EC ₅₀	>100 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturrhif	ErC ₅₀	72 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201

12.2 Þrávirkni og niðurbrot:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.3 Uppsöfnun í lífverum:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

12.5 PBT/VPvB:

Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt.

12.6 Annað:

Ísósýanat hvarfast við vatn og myndar koldíoxíð og fast, óleysanlegt efni með hátt bræðslumark er nefnist pólýúrea. Ýmis yfirborðsvirk efni (hreinsiefni) og vatnsleysanleg leysiefni hraða þessu efnahvarfi. Reynsla sýnir að pólýúrea er hlutlaust efni sem brotnar afar reglega niður.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 2015/830 (REACH), 1272/2008 (CLP). Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Liggur ekki fyrir.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H302	Hættulegt við inntöku
H315	Veldur húðertingu
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H330	Banvænt við innöndun
H331	Eitrað við innöndun
H332	Hættulegt við innöndun
H335	Getur valdið ertingu í öndunarferum
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1/05.11.2020

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

PAVA RESINE SRL
SAFETY DATA SHEET
REAGENT XW FOR IDRO-POL PAVA / IDRO-GEL PAVA

Útgáfa:

01.01.2015